

ATH ! Breyting um áramót



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátiðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

Desember 2016



HVATARBLAÐIÐ



Grímsnes og Grafningshreppur

óskar íbúum sínum og gestum

Gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Jólaþístill

Aðventan hefur gengið í garð og jólin að nálgast. Jólunum fylgir hátíðleiki og hefðir sem fjölskyldur koma sér upp. Við upplifum jólin hver með sínum hætti, allt eftir aldri og aðstæðum hverju sinni. Við jól og áramót eru minningarnar um hið liðna okkur nærri og í hugum okkar gerum við upp atburði liðins árs. Nokkrir sveitningar okkar hafa kvatt á árinu sem er að liða og er vert að þakka fyrir samfylgd þeirra. Við erum rík að hafa fengið að verða þessu góða fólki samferða, höfum lært af þeim og eigum minningar um þau sem munu lifa með okkur hinum um ókomna tíð. Allir setja sinn blæ á samfélagið hver með sínum hætti.

Desember er mörgum erilsamur mánuður og megum við ekki gleyma að gefa okkur tíma til að gera eitthvað sem okkur þykir skemmtilegt, hugsa um okkar nánustu og efla lífsandann í samfélaginu okkar. Jólball, skötuveisla Lionsklúbbsins og áramótabrenna eru allt viðburðir sem efla lífsandann í samfélaginu og vil ég hvetja ykkur eindregið til að taka þátt. Einnig skiptir miklu máli samskipti okkar við vini og þátttaka í félagslífi og samfélagsverkefnum. Þetta þekkjum við allt vel en gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hvaða vinna liggur að baki öflugs félagsstarfs. Félögin okkar eins og kvenfélagið, ungmennafélagið, hestamannafélagið, sauðfjárræktarfélagið, búnaðarfélagið, lionsklúbburinn og hjálparseitin eru gríðarlega mikilvægur þáttur í samfélagi okkar og er vert að gleyma þeim ekki þegar þau leita til okkar í fjáröflun. Starfsemi þeirra gerir sveitina okkar að blómlegri sveit.

Í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár verður reynt eftir fremsta megni að halda áfram með þau verkefni sem byrjað hefur verið á. Allt með það fyrir augum að gera sveitarfélagið okkar að ákjósanlegum stað til að búa á og heimsækja. Útsvarsprósentan mun verða áfram í lágmarki eða 12,44% og á árinu 2017 verður áfram boðið upp á að kaupa árskort í Íþróttamiðstöðinni Borg á lágu verði eða kr. 8.000 fyrir fullorðna, kr. 3.500 fyrir börn 11-16 ára og frítt fyrir 10 ára og yngri. Árskort þetta gildir fyrir íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu og er í alla þá þjónustu sem veitt er í íþróttamiðstöðinni, sund, þreksal og íþróttasal. Vil ég hvetja sem flesta til að nýta sér þessa þjónustu þó ekki sé nema til að sýna sig og sjá aðra.



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Gleðileg jól !

Um hátíðarnar.

Lokað verður á Þorláksmessu,

Aðfangadag, Jóladag og

Annan í Jólum.

Einnig Gamlársdag og Nýársdag.

**Aðra daga er opið eins og
vetraropnun segir til um.**

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga,
6-11 farþega.**

FEDGAVERK

Gleðileg jólar!

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

Gleðileg jólar!

Í sumar var boðin út sorphirða í sveitarfélaginu og tók nýr samningur gildi við Gámaþjónustuna hf. þann 1. september s.l. Í þeim samningi er ítarlegri flokkun en áður var með því að bæta við tunnu fyrir plast. Þannig ætti að nást betri flokkun með það að markmiði að urða minna. Krafan til framtíðar er að ekkert sorp verði urðað. Sorphirðan mun fara fram á þriggja vikna fresti, þ.e. grá tunnan tekin í hverri ferð og í annað hvert skipti mun bláa tunnan verða tekin og græna tunnan í hinni ferðinni. Stefnt er að íbúafundi um sorpmál í byrjun næsta árs og mikilvægt að sem flestir komi á þann fund.

Fjárhagsáætlun árána 2017-2020 ásamt útkomuspá ársins 2016 er hægt að skoða inn á heimasíðu sveitarfélagsins, www.gogg.is

Vert er að vekja athygli fólks á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og facebook síðu þar sem verið er að reyna miðla upplýsingum til íbúa og annarra. Hvatarblaðið kemur út í byrjun hvers mánaðar og er markmiðið með útgáfu blaðsins meðal annars að koma til ykkar upplýsingum um það helsta sem er að gerast í sveitarfélaginu hverju sinni með einföldum og þægilegum hætti. Sumt af þessu efni er það sama og er á heimasíðu sveitarfélagsins en þess ber að gæta að það hafa ekki allir aðgang að tölvum og kjósa því að lesa blaðið frekar. Alltaf er hægt að bæta við efni í blaðið og vil ég hvetja þá sem hafa frá einhverju skemmtilegu að segja að koma því til okkar. Ekki síður eru góðar hugmyndir að efni í blaðið vel þegnar.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



Gestir frá Danmörku í Kerhólsskóla

Það komu gestir frá Danmörku í heimsókn í Kerhólsskóla. Þeir eru að læra að verða tónlistarkennarar. Þeir spiluðu á hljóðfæri og kenndu okkur að spila á allskonar hluti. Til dæmis stígvél og rennilás og vettlinga. Þeir kenndu okkur líka að syngja og semja lag. Sumir bjuggu til takt og dans. Þegar allar æfingarnar voru búnar fórum við öll í félagsheimilið og héldum sýningu. Þangað komu gestir. Danirnir spiluðu og sungu á íslensku *Sofðu unga ástin mín*.

Þegar sýningin var búin fóru allir að borða.

Atli Hrafn Lárusson og
Matthías Fossberg Matthíasson



Húsnæðisbætur

Þann 1. janúar 2017 munu ný lög um húsnæðisbætur taka gildi og Greiðslustofa húsnæðisbóta tekur við því hlutverki að greiða húsnæðisbætur fyrir landið allt.

Þjónustuskrifstofan verður staðsett á Sauðárkróki og mun formlega hefja starfsemi 16. nóvember n.k. og áætlað er að opna fyrir umsóknir þann 21. nóvember.

Þá er einnig búið að opna heimasíðu með upplýsingum og reiknivél fyrir húsnæðisbætur:

www.husbot.is

En einnig er hægt að nota:

www.husnaedisbaetur.is




Heimsókn Kerhólsskóla á Úlfljótsvatn

Við í Kerhólsskóla fórum í heimsókn á Úlfljótsvatn og það var rosalega gaman. Við fórum öll saman í einni rútu. Við fórum í klifurturninn og í klifurturninum þarf að nota belti og hjálm og þá má klifra. Við fórum líka í bogfimi. Í bogfimi þarf að nota armhlífar áður en maður skítur. Svo fórum við líka í frispígolf og gagabolta. Í frispígolfi þarf að hafa einbeitinguna í hausnum til þess að hitta í körfuna. Gagabolti er írsk íþrótt og á Úlfljótsvatni er gagaboltavöllur. Við fengum líka pylsu og heitt kakó og banana í hádeginu.

Ísold Assa og Katla Rún í 4. Bekk



Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.

Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!

Gleðileg jóla!

Vetraropnun

**Gámastöðvarinnar Seyðishólum
frá 1. september til 31. desember**

Þriðjudaga: 14:00—16:00

Fimmtudaga: 14:00—16:00


Sunnudaga: 14:00—17:00

Gleðileg jóla!



Krakkar í Kerhólsskóla fóru á orkusýningu

1.-10. bekkur fór í Ljósafossvirkjun og sá orkusýninguna. Á orkusýningunni sáu við fullt af tækjum sem við prófuðum og það var rosa gaman og fjör. Okkur var kennt að búa til orku eins og raforku og við fórum í leiki eins og spurningaleikinn og þrumuleikinn. Síðan fórum við í vindmyllukeppnina og raforkuspararann og vatns- og gufuleikinn.



SVÍNABÚIÐ ORMSSTÖÐUM

Frá og með
1. nóvember verður
verslunin okkar hér
heima á bæ lokuð fram
að páskum á næsta ári
en netverslunin áfram
opin.
[www.ormsstadir.is/
svinakjot/](http://www.ormsstadir.is/svinakjot/)



Ormsstaðir - Svínabú - kaupu beint frá bónda -
Svinakjöt

Svinakjöt beint frá bónda

ORMSSTADIR.IS

Gleðileg jól !

*Sauma­kompan
Kringlu Grímsnesi*



*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*



Elsa Jónsdóttir
Sími 486-4515

Gleðileg jól !

Aðventuhátíð Úlfjótssvatns

- fyrir alla fjölskylduna -



Jólahlaðborð og fjölskyldustund

26. nóvember, 3. desember, 10. desember

Gamaníð hefst klukkan 15.00 með piparkökubakstri og föndurstund.

Eftir það verður haldið út þar sem í boði verður rjúkandi hátíðarkakó við eldinn og sérstakar jólasveinapönnukökur.

Loks geta áhugasamir spreytt sig í eplabogfimi, þar sem sigurvegarinn fær möndlugjöf að launum. Hver veit líka nema við sjáum jólasveini bregða fyrir?

Borðhald hefst svo klukkan 18.00.

Frítt fyrir 0-5 ára
6-12 ára: 3.900 kr.
13 ára og eldri: 7.900 kr.

Skráning á elin@skatar.is

Jólahlaðborð

27. nóvember, 4. desember og 11. desember

Borðhald hefst kl. 18.00.

Í boði er glæsilegt hlaðborð í jólalegu umhverfi. Eftir góðar viðtökur á fjölskyldujólahlaðborði okkar undanfarin ár viljum við nú líka bjóða upp á viðburð sem hentar kannski betur fyrir þá sem eru ekki með ung börn.

Yfirbragðið verður því aðeins rólegra og við sitjum lengur fram eftir kvöldi.

Tilvalið fyrir þá sem þurfa ekki að fara í háttinn uppúr átta.

Verð á mann: 7.390 kr.

Skráning á elin@skatar.is

Sjáðu matseðil og frekari upplýsingar á www.ulfjotssvatn.is



Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni • Sími 482 2674 • ulfjotssvatn@skatar.is

Jólaball

Hið árlega jólaball foreldrafélags Kerhólsskóla verður haldið í Félagsheimilinu Borg þann 20. des. kl. 13.00.



Dansað í kringum jólatréð

Heitt jólakakó, pönnukökur og heimabakaðar smákökur og að sjálfsögðu kikir jólasveinn í heimsókn.

Allir velkomnir!



Jólakvæðja frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Ágætu sveitungar, kvenfélagskonur og
aðrir velunnarar félagsins.
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir þátttöku ykkar á
Grímsævintýrum og
annarri starfsemi félagsins á árinu sem
er að líða.
Hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári ☺

Kvenfélag Grímsneshrepps



Jóla-Bingó á Borg

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt bingó á Borg
sunnudaginn 20. nóvember 2016 til styrktar
Sjóðnum góða hjá Rauða krossinum í Árnessýslu.
Bingóið tókst mjög vel og söfnuðust
kr. 200.000.- í Sjóðinn góða.



Heimsókn frá Viðlagatryggingu

„Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) kom í heimsókn til Grímsnes- og Grafningshrepps um daginn, en heimsóknin er liður í átaki til að bæta þekkingu á hlutverki stofnunarinnar og skráningu opinberra mannvirkja í eigu sveitarfélaganna sem váttryggð eru hjá VTÍ.

Fundarmenn átta góðar og markvissar samræður um váttryggingavernd mannvirkja í eigu sveitarfélagsins og um mikilvægi þess að skráð verðmæti þeirra séu uppfært reglulega til að tryggja að eignirnar séu váttryggðar að fullu áður en váttryggingaratburður á sér stað. Einnig var rætt um mikilvægi samvinnu sveitarfélagsins og VTÍ til að stuðla að markvissri endurbyggingu sveitarfélagsins ef til tjónsatburðar kemur.

Á fundinum var rætt um mikilvægi þess að íbúar séu meðvitaðir um hvort váttryggingavernd þeirra sé í lagi. Fram kom á fundinum að ef innbú er váttryggt almennri lausafjártryggingu hjá váttryggingafélagi rennur hluti iðgjaldsins til VTÍ og tryggir þannig váttryggingavernd innbúsins komi til tjóns af völdum jarðskjálfta, eldgosa, vatns-, aur- eða snjóflóða skv. skilgreiningum laga um VTÍ (55/1992). Ef slík váttrygging er ekki til staðar greiðast engar bætur vegna innbús ef til tjóns kemur. Allar fasteignir eru hins vegar skylduváttryggðar gegn náttúruhamförum og eru iðgjöldin innheimt samhliða brunatryggingum fasteigna hjá almennu váttryggingafélögunum.“





ÁRTANGI



blóm

fyrir

Jólin

Amaríllís

Hyasintur
Túlípanar

FERSKAR
KRYDD
JURTIR

Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.
Sími 669-0108.

Gleðileg jól !

Jóla-Bingó á Borg





Kvenfélag Grímsneshrepps úthlutar ágóða tombólunnar 2016

Á haustfundi Kvenfélags Grímsneshrepps var úthlutað úr Tombólusjóði 2016. Á Grímsævintýrum, sem haldin voru 6. ágúst, var ágóði tombólunnar sem kvenfélagið úthlutar til góðgerðar- og líknarmála kr. 750.000. Til gamans má nefna að tombólan var haldin 90. árið í röð og vonumst við til að hún fái að vera árlega um ókomin ár. Í ár varð fyrir valinu að styrkja Klúbbinn Strók, Vinaminni, Heilsugæslustöðina í Laugarási og Sjóðinn Góða.

Kvenfélagið færði **Stróki** ísskáp, pottasett og nuddtæki.

Tilgangur klúbbsins er meðal annars að auka tengsl fólks með geðraskanir við samfélagið með því að reka heimili/afdrepp að Skólavöllum 1 Selfossi, þar sem félagsmenn fá aðstoð og uppörvun til að takast á við hið daglega líf.



Frá vinstri: Sigríður Björnsdóttir, kvenfélagskona, Hafdís Marvinsdóttir fulltrúi Stróks, Friðsemd Erla Þórðardóttir, kvenfélagskona og Ingibjörg Ingadóttir, kvenfélagskona.

Kvenfélagið færði **Vinaminni** hrærivél. Vinaminni er sérhæfð dagdvöl fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma.



Efri röð: Kvenfélagskonurnar Kristín Chadwick, Sigríður Björnsdóttir og Ingibjörg Ingadóttir.

Neðri röð: Fulltrúar Vinaminnis Sigríður Halla Jóhannsdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Hólmfríður Rannveig Hjartardóttir.

Jæja gott fólk,

Fedgar á ferð eru nú komnir á DVD diska, alls 20 þættir með rúmlega 400 mínútum af efni. Á öðrum disknum eru 10 þættir frá sumrinu 2015 og á hinum eru 10 þættir frá því í sumar.

Allt mjög skemmtilegt efni með jákvæðu og flottu fólki. Auðveldast er að panta diskana á þessari slóð,

www.fedgaraferd.is og viðkomandi fær diskana senda heim með Póstinum (tveir diskar í einu coveri).

Með heimsendingu kosta þeir 3.800 krónur. Þeir sem eru hér á Selfossi eða í kring geta pantað diskinn beint hjá mér og sótt hann til mín, þá er verðið 3.500 krónur.

Diskarnir eru líka seldir í Bónus á Selfossi og Hveragerði, auk þess sem þeir eru til sölu í Krónunni á Selfossi og í Krónunni í Lindahverfinu í Reykjavík + Sunnlenska bókakaffinu hjá Bjarna Harðar á Selfossi.

Það er um að gera að panta og tryggja sér einstak því þetta er flott jólagjöf sem hægt verður að skemmta sér yfir ☺

Kær kveðja,

Magnús Hlynur, fréttamaður





Skötuveisla !

Kæru sveitungar !

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður
verður með skötuveislu á
Þorláksmessudag í
Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 – 14:00

Skata og saltfiskur ásamt
tilheyrandi meðlæti.
Kr. 2500,- á mann
kr. 500,- fyrir börn 6 – 12 ára
frítt fyrir börn 0 – 6 ára

Vekið bragðlaukana fyrir jólin
og mætið í skötuna.



Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Gleðileg jól !

Í heilsugæslustöðinni í Laugarási innréttaði Kvenfélagið nýtt viðtalsherbergi fyrir sálfræðing eða annarskonar meðferðaraðila. Vonumst við til að nýtt viðtalsherbergi sé góð viðbót við þá þjónustu sem nú þegar er í Laugarási.



Kvenfélagskonurnar Sigríður Björnsdóttir, Ingibjörg Inga-dóttir og Elín Lára Sigurðardóttir ásamt Önnu Ibsen hjúkrunarfræðingi í Laugarási.

*Að lokum færði Kvenfélagið **Sjóðnum Góða** 300.000kr.*



Kristín Chadwick fulltrúi Rauða krossins og Ingibjörg Inga-dóttir fulltrúi Kvenfélags Grímsneshrepps.

Kvenfélag Grímsneshrepps þakkar öllum þeim sem gerðu sér ferð á Grímsævintýrin í sumar og vonast til að gjafir frá félaginu styrki frekar þau góðu verk sem unnin eru hjá ofangreindum starfstöðum.



*Áramótabrenna og flugeldasýning
verður við golfvöllinn á Borg 31. des.*

Kveikt verður í brennu kl. 20:30

Flugeldasala hjálparsveitarinnar Tintrons verður
eins og vanalega á **Austurvegi 23 Selfossi.**

Styrkjum Björgunarsveitirnar.



**Hjálparsveitin Tintron þakkar öllum fyrir
góðar móttökur vegna sölu á
neyðarkallinum.**



**Þökkum stuðninginn
og sendum
bestu óskir um
Gleðileg jól !**

Þorablót 2017

Okkar árlega þorablót verður haldið í
Félagsheimilinu Borg 27. janúar 2017.
Aldurstakmark miðast við þá sem
verða 16 ára á árinu 2017.



Nánar auglýst síðar.

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í
slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækja-
þjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út
tækjunum og afhenda rafhlöður í reyðskynjara, ykkur að
kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitar-
félögin.

Nánari upplýsingar koma fram á
heimasíðu BÁ, www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.

